



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsviði Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund

150 – REYKJAVÍK

AVS/AE

Rvk. 27.04.2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samtök atvinnulífsins standa að umsögn þessari ásamt Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Meginatriði frumvarpsins snýr að breytingum á skattlagningu tekna vegna hlutabréfakaupa samkvæmt kauprétti starfsmanna. Þá er skattalegri meðferð lífeyrisréttinda breytt nokkuð og loks er skattafrádrætti vegna hlutabréfakaupa í erlendum hlutabréfum breytt.

Samtökin styðja þær breytingar sem lagðar eru til á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda. Jafnframt eru samtökin hlynnt þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu að því er varðar rýmkun á reglum um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum. Samtökin telja eðlilegt að heimildin til þess að draga frá tekjum einstaklinga vegna fjárfestinga í hlutabréfum taki jafnt til innlendra sem erlendra félaga. Þá styðja samtökin að eignarskattsfrelsi hlutabréfa nái einnig til þess þegar um er að ræða fjárfestingu í erlendum hlutabréfum.

Samtökin telja þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu og snúa að skattlagningu tekna skv. kaupréttarsamningum starfsmanna og vinnuveitenda vera skref í rétta átt. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja mótuðu í sameiningu tillögur um þetta efni sem kynnt var fyrir þeirri nefnd sem fjallaði um reglur frumvarpsins um þetta efni.

Samtökin telja að sérstakar lagareglur um skattalega meðferð tekna skv. kauprétti starfsmanna séu nauðsynlegar til að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja fylgi þróuninni í umhverfi fyrirtækja á alþjóðlegum markaði. Þörf er á slíkum lagareglum til að halda og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki þurfa að vera samkeppnishæf um hæfileikaríkt vinnuafli á alþjóðlegum markaði. Ein forsenda þess er að skattaleg meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf að taka mið af því sem best gerist í þeim löndum þar sem þessar reglur eru hvað þróaðastar. Ef íslensk skattalög fullnægja þessari kröfu munu innlend fyrirtæki geta skapað þá hvatningu í samningum við starfsmenn sem best tryggja árangur þeirra í starfi. Íslensk fyrirtæki munu þá frekar halda því starfsfólki er tryggt getur samkeppnisstöðu þeirra. Ísland verður um leið áskjósanlegri staður fyrir fyrirtæki sem byggja verðmætasköpun sína á mannaúði.

Við breytingar á lögum nr. 75/1981 telja samtökin rétt að líta til þeirra ríkja þar sem notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf er hvað mest. Umhverfi sem elur af sér mikla notkun þessara samninga er það umhverfi sem samtökin vilja sjá hér á landi. Í Bandaríkjunum og Bretalandi er augljóslega slíkt umhverfi. Í frumvarpinu er lagt til að tekjur skv. kaupréttarsamningum sem uppfylla



ákveðin skilyrði verði skattlagðar sem fjármagnstekjur en ekki launatekjur líkt og gerist í þessum löndum.

Samtökin styðja þær tillögur sem lagðar eru fram með frumvarpinu, sem skapar forsendur fyrir því að tekjur skv. kaupréttarsamningum verði skattlagðar sem fjármagnstekjur að ákveðinum skilyrðum uppfylltum. Það er vissulega stórt skref í rétta átt en skilyrðin sem kaupréttarsamningur þarf að uppfylla skv. frumvarpinu þarfnast hins vegar nánari skoðunar. Skilyrði um að kaupréttur taki til allra stargsmanna ætti frekar að taka mið af bandarískum reglum sem miða við að kaupréttur standi sambærilegum hópum starfsmanna til boða. Þá er skilyrði um að 12 mánuðir þurfi að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur óþarflega langur og leggja samtökin til að í stað sé um 3 mánuði að ræða..

Í þessu sambandi gera samtökin þó fyrst og fremst athugasemdir við skilyrðið um hámark kaupréttar hvers starfsmanns, sem er skv. frumvarpinu kr. 600.000 á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi. Það er að mati samtakanna allt of lágt.

Samtökin leggja áherslu á hér er um að ræða takmörkun á notkunarmöguleika þessara samninga sem eru ótvírætt mjög mikilvægt tæki í samkeppni íslenskra fyrirtækja um að halda því starfsfólki sem tryggt getur stöðu þeirra á fjölbjóðlegum mörkuðum.

Ekki verður séð að þessi takmörkun eigi við rök að styðjast. Hvergi er vikið að því í frumvarpinu hvaða tilgangi hún þjónar né hver fyrirmyndin er. Slíkar takmarkanir er ekki að finna í bandarískri löggjöf sem er hvað þróuðust í þessum efnunum. Skilyrðin í Bandaríkjunum byggja á langri reynslu og sögu sem nær aftur til ársins 1950. Reglurnar segja til um hvað þarf til að slíkir samningar virki til fjármögnunar nýsköpunar. Um 78% fyrirtækja þar í landi nota þessa samninga til fjármögnunar og til að laða til sín, hvetja og halda í starfsfólki. Hámark kaupréttar hvers starfsmanns takmarkast í raun af hlutafé í hverju fyrirtæki fyrir sig auk þess sem rýmið fyrir tekjur af kaupréttarsamningum með hlutabréf takmarkast af almennum ákvæðum um fjármagnstekjuskatts.

Samtökin telja í raun óeðlilegt að setja ákveðið hámark sem skilyrði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Eðlilegast er að skattleggja tekjur af kauprétti sem fjármagnstekjur en ekki launatekjur. Skiptir þá ekki máli hver fjárhæðin er. Tekjur skv. kaupréttarsamningi eiga mun meira skylt við fjármagnstekjur en launatekjur. Tekjurnar ráðast af gengisþróun hlutabréfanna og eru þær því háðar sömu óvissu og fjárfestar stofna til með kaupum á hlut í fyrirtækinu. Kaupréttarsamningar með hlutabréf eru í raun ákveðið form fjármögnunar, þar sem áhættufé er fengið frá starfsmönnum.

Að þessu skilyrði óbreyttu er hætt við að reglurnar fullnægji ekki þörfum íslenskra fyrirtækja. Þau munu leita annarra leiða til að fjármagna nýsköpun og virkja mannauð þeirra. Íslenskt efnahagslíf mun þá verða af því sem almennt er talið vera ríkulegt farmlag þessara samninga til aukinnar verðmætasköpunar s.s. í Bandaríkjunum. Möguleikar til umbunar eftir framlagi starfsmanna hefur skapað mjög öfluga hvatningu fyrir bandaríska frumkvöðla og stjórnendur til að skapa og þróa framsækin og vaxandi fyrirtæki.

Með hliðsjón af ofangreindu leggja samtökin mikla áherslu á að skilyrði um hámark kaupréttar verði fellt út úr frumvarpinu. Ef skilyrði um ákveðið hámark verður látið halda sér er nauðsynlegt að hækka það all verulega. Samtökin leggja til hámarkið verði þá miðað við kr. 6.000.000.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd á síðari stigum málsins. Sérstaklega er óskað eftir fundi með efnahags- og viðskiptanefnd til að fulltrúar neðangreindra samtaka geti skýrt tillögur sínar og ofangreindar athugasemdir nánar.



Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Finnur Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP-Samtaka verslunar og þjónustu

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins